

Bókhaldstenging við Payday

Síðast uppfært 25/06/2026 4:15 pm BST

Ef þú ert að nota bókhaldskerfi Payday og sölukerfi Noona þá getur þú nú tengt kerfin saman á einfaldan hátt þannig að salan í Noona flæði beint inn í bókhaldið þitt. Þetta ætti því að geta sparað þér tímann og peninginn sem fer í bókhaldið.

Helstu eiginleikar samþættingarinnar

Reikningar, kreditreikningar og endurgreiðslur úr Noona skrást beint í færslubók í Payday. Athugið að endurgreiðslur þar sem aðeins hluti upphæðarinnar er endurgreidd koma ekki yfir í Payday.




Ef viðskiptavinur er í reikningsviðskiptum þá er viðskiptamaður stofnaður beint í Payday og krafan send þaðan út.

Hver getur notað tenginguna?




Forkröfur þess að þú getir tengt sölukerfi Noona við Payday er að þú þarft að vera skráður í *Allur pakkinn* hjá Payday og vera í sölukerfinu hjá Noona. Þessi tenging kostar þig ekkert aukalega.

Tengja Payday við Noona

- Skráðu þig inn á Noona HQ aðganginn þinn.
- Farðu í **Valmyndina** -> **Stillingar** -> **Viðbætur**.
- Finndu **Payday appið** og smelltu á **Tengja**.



- Síðan þarftu að veita Payday aðgang með því að smella á **Samþykka** takkann.

→→

Payday vill tengjast Noona HQ reikningnum þínum

ÚtibúNoona stofan ▼

Heimildir

Payday þarf leyfi til þess að gera eftirfarandi fyrir þína hönd:

- Sækja allar sölutengdar upplýsingar
- Sækja upplýsingar um viðskiptavini
- Sækja upplýsingar um greiðslumátana þína
- Sækja upplýsingar um vörurnar þínar
- Sækja upplýsingar um seld gjafabréf
- Upplýsingar um þínar reglur
- Sækja upplýsingar um fyrirtækið sem þú ert að tengja viðbótina við
- Sækja upplýsingar um greiðslur sem eru á leiðinni til þín
- Sækja upplýsingar um uppgjör greiðsna sem eru á leiðinni til þín
- Sækja upplýsingar um skrópkröfur

Ertu á röngum aðgangi? [Nota annan aðgang](#)

Hætta viðSamþykka

5. Nýr gluggi með Payday ætti að opnast og þú skráir þig inn. Ef þú ert þegar skráð(ur) inn í Payday þá er þessu skrefi sleppt sjálfkrafa.



Innskrá

Týnt lykilorð?

Ekki með reikning? [Skráðu þig frítt](#)

Þessi síða er vernduð af reCAPTCHA sem [persónuverndarstefna](#) og [þjónustuskilmálar](#) Google gilda um.

- Því næst birtist gluggi þar sem þú getur stillt Noona samþættinguna. Tengja þarf alla greiðslumáta í Noona við þá bókhaldslykla sem bóka á greiðslurnar á í Payday. Þú getur alltaf fundið þessar stillingar undir **Stillingar** > **Fyrirtæki** > **Samþættingar** í Payday. Þar ættir þú finna Noona í listanum.

Stillingar

Sleppa pöntunum án greiðslna

Greiðslumáttar

Greiðslukort

Peningar

Gjafabréf

Noona Paylink

Handvirk kortagreiðsla

Millifærsla

Greiðsluforrit

Annað

Fyrirframgreitt

Staðfesta

Hvernig fjarlægir ég tenginguna?

Þú fjarlægir tenginguna við Payday með því að fara undir **Stillingar** -> **Aðgangur** -> **Viðbætur** og smella á ruslatunnuna við Payday appið. Ef það er engin ruslatunna og það stendur **Tengja** (Install) þá er appið ekki lengur tengt.



Payday

Integrate seamlessly with Payday, the bookkeeping platform that automates your accounting processes. Connect with Noona to simplify bookkeeping, reduce manual effort, and ensure accurate financial records with our efficient and reliable integration solution.



Opna



Eins og alltaf, ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbútbluna [?](#)
